

Sp.

221. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1971.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1971 var vísað til fjárveitinganefndar 20. okt. s. l. Síðan hefur nefndin haft málið til athugunar og rætt það á samtals 36 fundum. Auk þess hefur nefndin nú sem fyrr skipt með sér verkum, þannig að einstakir nefndarmenn hafa starfað í undirnefndum til athugunar á sérstökum málaflokkum frumvarpsins. Hafa þau vinnubrögð auðveldað nefndinni störfin og flýtt fyrir afgreiðslu málsins í heild.

Á þessu ári var svo sem á s. l. ári að tilhlutan fjármálaráðuneytisins starfandi undirnefnd fjárveitinganefndar, sem í átti sæti einn maður frá hverjum stjórn mála-flokki, sem fulltrúa á í nefndinni. Undirnefndin vann milli þinga í samstarfi við Fjárlaga- og hagsýslustofnun fjármálaráðuneytisins. Hún ræddi við forstöðumenn ríkisstofnana, leitaði upplýsinga um ýmis atriði varðandi rekstur þeirra og fylgdist að öðru leyti með samningu fjárlaga, eftir því sem kostur var. Þá er þess að geta, að forstöðumaður Fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar, dr. Gísli Blöndal, sat flesta fundi nefndarinnar og veitti henni margvíslegar upplýsingar og aðstoð við afgreiðslu málsins.

Eins og fram kemur í athugasemdum með fjárlagafrumvarpinu, er öll viðmiðun hvað verðlag snertir miðuð við það verðlag, sem í gildi var, þegar Alþingi kom saman. Hitt var öllum ljóst, að ef ekki kæmu til einhverjar þær ráðstafanir af hendi þess opinbera, sem hömluðu gegn þeirri óheillaþróun, sem af vixlhækkunum

verðlags og kaupgjalds leiðir, hlyti svo að fara, að dýrtiðarhjólíð héldi áfram að snúast með þeim afleiðingum, að allur atvinnurekstur í landinu yrði í yfirvofandi hættu og stóraukin útgjöld mundu hlaðast á ríkissjóð. Hins vegar má fullyrða, að með tilkomu hinna nýju laga um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis hafi meiri festa og atvinnuöryggi skapast í landinu. — Af verðstöðvunarlögnum leiðir hins vegar, að gera verður verulegar breytingar á fjárlagafrumvarpinu. Tekjuliðir frv. hækka vegna þeirra laga um samtals 370 millj. kr. Lækkunar á gjöldum frumvarpsins af sömu ástæðum eru: Áætlaðar verðlagsuppbætur á laun, 150 millj. kr., og liðurinn til útflutningsuppbóta, sem lagt er til, að verði lækkaður um 115 millj. kr. — Á gjaldahlið frumvarpsins verða einnig breytingar, sem tengdar eru verðstöðvunarlögnum, eins og fram kemur á þingskjali 215: að niðurgreiðslur hækka um 550 millj. kr. og fjölskyldubætur um 145 millj. kr. Að öðru leyti eru þær breytingartillögur, sem meiri hluti nefndarinnar flytur við tekjuhlið frumvarpsins, byggðar á nýrri endurskoðun, sem Efnahagsstofnunin hefur framkvæmt, og vísast til þess, sem fram kemur á þingskjali 215, varðandi þær brtt.

Meðan staðið hefur yfir athugun nefndarinnar á frumvarpinu, hefur hún kallað á sinn fund forstöðumenn hinna ýmsu ríkisstofnana og rætt við þá ýtarlega um reksturinn. Með því móti telur nefndin sig færari um að meta þau atriði, sem mest knýr á að fá úrbætur.

Þá hafa nefndinni nú sem fyrr borizt fjölmörg erindi frá einstaklingum, samtökum og stofnunum um margvíslegar beiðnir varðandi fjárhagslegan stuðning. Hefur nefndin eftir föngum reynt að kynna sér efni erindanna og komið til móts við umsækjendur, eftir því sem hún hefur talið sér fært. Að sjálfsögðu hefði nefndin viljað veita frekari úrlausn til ýmissa mála en raun hefur á orðið. Takmarkað fjármagn hins opinbera hefur hins vegar ráðið úrslitum.

Enn sem komið er hefur nefndinni ekki unnizt tími til að ljúka að fullu afgreiðslu á nokkrum liðum fjárlagafrumvarpsins, en þeir bíða til 3. umræðu. Má þar nefna nýjar barna- og gagnfræðaskólabyggingar og skólabyggingar með fjárveitingar til undirbúningsframkvæmda.

Þá er þess að geta, að af eðlilegum ástæðum hefur nefndin enn sem komið er ekki getað fjallað um breytingar á launum opinberra starfsmanna, en svo sem kunnugt er standa samningar enn yfir. Þess er vænt, að niðurstöður þeirra liggi fyrir við 3. umræðu málsins.

Um heildarafgreiðslu fjárlagafrumvarpsins náðist ekki samkomulag innan nefndarinnar. Mun minni hlutinn því skila séráliti. Varðandi breytingartillögur á þingskjali 214 varð hins vegar samstaða innan nefndarinnar, og flytur hún þær tillögur sameiginlega.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar við gjaldahlið frumvarpsins:

Um 1 01 Forsætisráðuneytið.

Lagt er til, að launaliður við forsætisráðuneytið hækki um 278 þús. kr., en það eru laun eins fulltrúa. — Þá er lagt til að veita 200 þús. kr. vegna kostnaðar við flutning á gestaskálanum, er stóð á baklóð ráðherrabústaðarins, sem brann á Þingvöllum á s. l. sumri, en samkvæmt tillögum nefndarinnar við 6. gr. frv. er lagt til, að Styrktarfélaginu Tjaldanesi sé gefinn umræddur gistiskáli. — Þá er lagt til, að framlag til Kanadasjóðs, 45 þús. kr., komi undir forsætisráðuneytið, en liður þessi var í fjárlögum 1970 færður undir menntamálaráðuneytið.

Um 1 02 Menntamálaráðuneytið.

Þar er fyrst breytingartillaga varðandi Háskóla Íslands. Lagt er til, að liðurinn 07 Viðskiptadeild hækki um 280 þús. kr. Er það vegna aukins kennslukostnaðar, sem stafar af ófyrirséðri fjölgun stúdenta í deildinni að þessu sinni. — Til Náttúru-

fræðistofnunar Íslands er tillaga um, að liðurinn 0 27 Viðhald hækki um 100 þús. kr. — Lagt er til, að fjárveiting til Menntaskólans á Ísafirði, gjaldfærður stofnkostnaður, hækki um 5 millj. kr. og verður þá 7.5 millj. kr. Eftirstöðvar af fyrri fjárveitingum til skólans munu nema um 6 millj. kr. Verða þá samtals 13.5 millj. kr. handbærar til að hefja byrjunarframkvæmdir, sem eru heimavist fyrir 40 nemendur ásamt íbúð fyrir skólameistara. — Þá er lagt til, að inn verði tekin fjárveiting til Kennaraskóla Íslands, gjaldfærður stofnkostnaður að upphæð 8 millj. kr., og er þá gert ráð fyrir, að unnt verði að hefja byggingu á íþróttahúsi fyrir skólann á komandi sumri. Skólinn á fyrir ónotaðar fjárveitingar fyrri ára til byggingarframkvæmda, að upphæð 6 millj. kr. — Varðandi fjárveitingu til Æfinga- og tilraunaskóla kennaraskólans er lagt til, að liðurinn gjaldfærður stofnkostnaður, að upphæð 3 millj. kr., verði felldur niður. — Hjá Húsmæðrakennaraskóla Íslands er lagt til, að inn verði tekinn nýr liður, gjaldfærður stofnkostnaður að upphæð 200 þús. kr. Skal verja upphæðinni til undirbúningsframkvæmda fyrir skólann.

Lagt er til, að fjárveiting til Fræðslumyndasafnsins hækki um 100 þús. kr. Er hér um hækkun á fjárveitingu til skólasjónvarps að ræða.

Fjárveiting til iðnskóla, gjaldfærður stofnkostnaður, er lagt til að hækki um 1 134 þús. kr., en jafnframt er tillaga um, að heildarfjárveitingunni, 13 134 þús., sé skipt milli 7 skólaframkvæmda, eins og fram kemur á þingskjali 214. — Lagt er til, að liðurinn gjaldfærður stofnkostnaður húsmæðraskóla lækki um 177 þús. kr., og er upphæðinni, 8 823 þús. kr., skipt milli 7 húsmæðraskóla. — Þá er tillaga um að hækka liðinn gjaldfærður stofnkostnaður við Myndlista- og handiðaskólann um 50 þús. kr. — Enn fremur er lagt til, að fjárveiting til Stýrimannaskólans, gjaldfærður stofnkostnaður, hækki um 7 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir, að unnt verði að hefja byggingarframkvæmdir við annan af tveimur áföngum, sem fyrirhugaðir eru í byggingum fyrir skólann í náinni framtíð. — Lagt er til, að fjárveiting til Verzlunarskóla Íslands hækki um 4.9 millj. kr. Er þá tekið sérstakt tillit til rekstrar-kostnaðar þess hluta skólans, er veit að stúdentsmenntun. — Til Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum hækkar framlag um 100 þús. kr., og er það hækkaður rekstrarstyrkur. — Fjárveiting til stofnkostnaðar héraðsskólanna er lagt til að hækki um samtals 7 970 þús. kr. Koma þá alls 24 670 þús. kr. til skipta milli hinna einstöku framkvæmda héraðsskólanna. Vísast í því efni til þess, er fram kemur á þingskjali 214 um tillögur nefndarinnar.

Þá eru næst tillögur fjárveitinganefndar um framlög til stofnkostnaðar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra, samkv. ákvæðum laga nr. 41/1955. Heildarupphæð til þessara framkvæmda leggur nefndin til að verði 98 479 þús. kr. og skiptist þannig, að til stofnkostnaðar barnaskóla verði varið 77 254 þús. kr. og til stofnkostnaðar gagnfræðaskóla samkv. þessum lögum 21 225 þús. kr. Um skiptingu milli einstakra framkvæmda vísast að öðru leyti til þess, er fram kemur á þingskjali 214. — Næst eru tillögur um fjárveitingar til greiðslu stofnkostnaðar skóla, sem byggðir eru samkvæmt lögum nr. 49/1967, framhaldsfjárveitingar. Er þar fyrst tillögur um barnaskóla, heildarfjárveiting 103 239 þús. kr., og til gagnfræðaskóla 28 532 þús. kr. Um skiptingu milli einstakra skólabygginga vísast hins vegar til þess, er fram kemur á sérstöku yfirliti á þingskjali 214. — Þá er loks tillaga nefndarinnar um fjárveitingu til Krýsuvíkurskóla, 4 310 þús. kr., en það er jafnhá upphæð og veitt var til sama skóla í fjárlögum yfirstandandi árs og einnig með sama fyrirvara, þ. e. gegn jafnháu framlagi annars staðar að.

Með þessum tillögum um fjárveitingar til byggingarframkvæmda skóla hefur nefndin lokið við tillögugerð sína varðandi allar þær skólabyggingar, sem nú eru á framkvæmdastigi. Hins vegar bíða afgreiðslu í nefndinni tillögur um fjárveitingar til undirbúnings framkvæmda og tillögur um fjárveitingar til þeirra barna- og gagnfræðaskólabygginga, sem hafnar munu framkvæmdir við á næsta ári. Mun nefndin skila tillögum sínum þar um við 3. umræðu málsins.

Lagt er til, að liðurinn 881 09: Styrkur til útgáfustarfa, hækki um 350 þús. kr. Er þá haft í huga, að af þessum fjárlagalið verði veittir m. a. eftirtaldir nýir útgáfustyrkir: Til Þjóðvinafélagsins 100 þús. kr. — Til Hins íslenska bókmenntafélags 100 þús. kr. — Til Sögunefndar Þingeyinga 50 þús. kr. — Til útgáfu Þjóðlaga séra Bjarna Þorsteinssonar 100 þús. kr. — Til útgáfu á söngvasafni Þórðar Kristleifssonar 50 þús. kr. — Til að ljúka samningu íslensk-þýzkrar orðabókar 75 þús. kr. — Til Félagsstofnunar stúdenta er tillaga um að hækka fjárveitingu um 600 þús. kr. — Þá er lagt til, að fjárveiting til Landsbókasafnsins, liðurinn 0 20 Önnur rekstrargjöld, hækki um 150 þús. kr., en upphæðin er ætluð sem viðbótarfjárveiting til bóka- og handritakaupa. — Fjárveiting til Þjóðminjasafnsins: Lagt er til, að launaliður hækki um 228 þús. kr. Er það vegna ráðningar smíðs við safnið. — Þá er einnig lagt til, að liðurinn 0 92 við Þjóðminjasafnið: Til sveitarfélaga, hækki um 200 þús. kr., og skal upphæðin ganga til styrktar byggðasafnsbyggingum eftir nánari ákvörðun. — Til Listasafns ríkisins er lagt til, að fjárveiting hækki um 150 þús. kr. Skiptist upphæðin á 3 rekstrarliði Listasafnsins, eins og fram kemur á þingskjali 214. — Við endurskoðun á fjárhagsáætlun Þjóðleikhússins kom í ljós, að tekjuáætlun er talin of há. Félst nefndin á þetta sjónarmið og leggur því til, að áætlaðar tekjur lækki um 2 millj. kr. og fjárveiting til Þjóðleikhússins verði þá hækkuð um sömu upphæð. — Lagt er til, að liðurinn 981 02 Til bæjar- og héraðsbókasafna hækki um 50 þús. kr. Skal upphæðin renna til Amtsbókasafnsins á Akureyri, vegna geymsludeildar safnsins. — Þá er lagt til, að liðurinn 982 02 Tónlistarskólar verði hækkaður um 500 þús. kr., en það er vegna vanáætlunar, en ríkissjóður greiðir sem kunnugt er $\frac{1}{3}$ af rekstrarkostnaði allra tónlistarskóla í landinu samkvæmt sérstökum lögum. — Varðandi fjárveitingu til Barnamúsíkskólans kom í ljós, að fjárveiting samkvæmt fjárlagafrumvarpinu var of há um 200 þús. kr., og er því um leiðréttingu að ræða, sem gerð er að höfðu samráði við skólastjóran. — Lagt er til, að liðurinn til lúðrasveita hækki um 30 þús. kr. Er það vegna vanáætlunar og einnig vegna tilkomu nýrrar lúðrasveitar, sem bætzt hefur við á árinu. — Til leiklistarstarfsemi hækkar fjárveiting um 100 þús. kr., en gert er ráð fyrir, að sú fjárveiting gangi til Leikfélags Akureyrar. — Lagt er til, að liðurinn til Listasafna hækki um 275 þús. kr., sem skiptist á milli listasafnanna á Ísafirði, 75 þús. kr., listasafns A.S.Í., 100 þús. kr., og listasafns Selfoss, 100 þús. kr. — Þá er lagt til, að liðurinn til vísinda- og fræðimanna hækki um 50 þús. kr., en það er vegna mannfræðirannsókna dr. Jens Páls-sonar, en til þeirrar starfsemi eru einnig ætlaðar 100 þús. kr. á þessum fjárlagalið samkvæmt fyrri ákvörðun.

Þá er lagt til, að fjárveiting til Í.S.Í hækki um 2 009 þús. kr. Þar af er hækkuð áætlun um tekjur af vindlingagjaldi 509 þús. kr. — Liðurinn til íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar fellur niður, þar sem skólinn er hættur störfum. — Þá er lagt til, að íþróttaskólinn í Kerlingarfjöllum fái fjárveitingu að upphæð 100 þús. kr. Hér er um byggingarstyrk að ræða, en skóli þessi heldur uppi skíðakennslu árlega um a. m. k. tveggja mánaða skeið. — Tímaritið Veðrið: Lagt er til, að fjárveiting hækki um 10 þús. kr. til að standa straum af útgáfukostnaði ritsins.

Liðurinn til Bandalags ísl. leikfélaga hækkar um 100 þús. kr. — Lagt er til, að fjárveiting til Leikfélags Reykjavíkur hækki um 750 þús. kr. og verði þá alls 1 500 þús. kr. Liðurinn til Rithöfundasambands Íslands er lagt til, að hækki um 35 þús. kr. — Þá er lagt til, að fjárveiting til Hins íslenska náttúrufræðifélags hækki um 25 þús. kr., en það er vegna stóraukins útgáfukostnaðar á riti félagsins, Náttúrufræðingnum. — Til Stærðfræðifélagsins er tillaga um hækkun 20 þús. kr. — Til Taflfélags Reykjavíkur er tillaga um 10 þús. kr. hækkun, og til Skáksambands Íslands er lagt til, að fjárveiting hækki um 70 þús. kr. — Lagt er til, að fjárveiting til Bandalags ísl. skáta hækki sem nemur 150 þús. kr. — Til Fuglaverndarfélags Íslands er lagt til, að fjárveiting hækki sem nemur 15 þús. kr. — Lagt er til, að

fjárveiting til Kvenfélagasambands Íslands hækki um 150 þús. kr. Kvenfélagasambandið hefur nú ráðið í þjónustu sína heils dags starfsmann, sem hefur með höndum ýmis fræðslu- og leiðbeiningastörf fyrir húsmæður.

Þá er lagt til, að inn komi nokkrir nýir liðir: Dýrasafnið 100 þús. kr., enda verði sett stofnskrá um safnið, staðfest af menntamálaráðuneytinu. — Blindravinafélag Íslands vegna ferða um landið til að stuðla að aðstoð við blinda og alvarlega sjónskerta 100 þús. kr. — American Field Service 50 þús. kr. — Landssamband ísl. menntaskólanema 50 þús. kr. — Til Samtaka ísl. kennaranema 15 þús. kr. — Hagsmunasamtök einstæðra foreldra 50 þús. kr. — Kvennaheimilið Hallveigarstaðir 200 þús. kr. — Samband norðlenskra kvenna til námskeiðs í heimilisgarðrækt 25 þús. kr. — Íslendingafélagið í Osló til kaupa á húsgögnum 50 þús. kr. — Viðhald á gömlu rjómabúi á Baugsstöðum í Árnessýslu 50 þús. kr. — Til norræns safnmannafundar, sem haldinn verður á Íslandi sumarið 1971, 200 þús. kr. — Safnahúsið á Sauðárkróki 250 þús. kr. — Málfundafélagið Magni í Hafnarfirði, í tilefni af 50 ára afmæli félagsins, 200 þús. kr. — Minnisvarði um Jón Eiríksson konferenzráð 35 þús. kr. — Minnisvarði um Guðmund góða 35 þús. kr. — Minnisvarði um Ara fróða 35 þús. kr. — Ólympíunefnd vegna þátttöku í Ólympíuleikunum, sem halda á í München árið 1972, 250 þús. kr. — Frjálsíþróttasamband Íslands vegna Evrópu-meistaramóts 75 þús. kr.

Um 1 03 Utanríkisráðuneytið.

Lagt er til, að inn verði tekinn nýr liður: Tillag til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (International Hydrographic Bureau).

Um 1 04 Landbúnaðarráðuneytið.

Við Skógrækt ríkisins er tillaga um að hækka liðinn 03 Skóggræðsla um 800 þús. kr., til tilraunarstöðvarinnar að Mógilsá er tillaga um 100 þús. kr. lækkun, og loks er lagt til, að inn komi nýr liður: Dánarbætur, að upphæð 300 þús. kr., en það er vegna hins hörmulega atburðar, þegar Einar E. Sæmundsen skógarvörður fórst í bilslysi. — Þá er lagt til, að fjárveiting til Landgræðslu á liðnum gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 1 500 þús. kr. — Lagt er til, að liðurinn 286 03 Fyrirhleðslur hækki um 475 þús. kr. Varðandi skiptingu á fjárupphæðinni milli framkvæmda visast til þess, er fram kemur á sérstöku yfirliti á þingskjali 214. — Lagt er til, að liðurinn til Garðyrkjufélags Íslands hækki um 20 þús. kr. og Efnarannsóknastofa Norðurlands hækki um 50 þús. kr. — Inn komi eftirfarandi nýir liðir: Til rannsóknastöðvarinnar Kötlu, Víkurbakka, 25 þús. kr. — Tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands 200 þús. kr. — Til norræns dýralæknamóts 100 þús. kr. — Um Bændaskólann á Hvanneyri er lagt til, að liðurinn viðhald hækki um 500 þús. kr., er það vegna óhjákvæmilegra endurbóta á raflögnum eldri skólahúsanna. Einnig er lagt til, að gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 500 þús. kr.

Um 1 05 Sjávarútvegsráðuneytið.

Við 201 Fiskifélag Íslands 02 Reikningaskrifstofa sjávarútvegsins er tillaga um 500 þús. kr. hækkun. Er þá gert ráð fyrir, að upphæðin nægi til að standa straum af fastráðningu eins starfsmanns og til að standa undir kostnaði við ferðir hans um landið. — Þá er lagt til, að hjá Fiskmati ríkisins hækki launaliður um 500 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 500 þús. kr. Er það vegna vanáætlunar, sem átti sér stað við tillögugerð. — Lagt er til, að inn komi nýr liður: Tækniástoð til umbóta á hollustuháttum í fiskiðnaði 500 þús. kr.

Um 1 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Sýslumaðurinn á Patreksfirði: Lagt er til, að launaliður hækki um 280 þús. kr. Er það vegna ráðningar á föstum starfsmanni. Þá er einnig lagt til, að liðurinn gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 545 þús. kr. — Vinnuhælið á Litla-Hrauni:

Lagt er til, að gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 2 millj. kr. — Þá er lagt til, að fjárveiting til vinnuhælisins á Kviabryggju, önnur rekstrargjöld, hækki um 120 þús. kr. Er fjárhæð þessari ætlað að standa undir kostnaði við að fjarlægja veg, sem liggur nú um hlað hælisins.

Við fjárveitingar til þjóðkirkjunnar eru nokkrar breytingartillögur. Lagt er til, að liðurinn 03 Kirkjuþing hækki um 100 þús. kr. — Æskulýðsstörf hækki um 300 þús. kr., og þá er gert ráð fyrir, að ráðinn verði einn nýr æskulýðsfulltrúi. — Til sumarþúðastarfsins er tillaga um 300 þús. kr. hækkun. — Þá er lagt til, að liðurinn 15 Prestar og prófastar, hækki um 2 500 þús. kr. vegna aukins embættis-kostnaðar. — Til bygginga á prestssetrum hækkar fjárveiting um 900 þús. kr. og verður þá samtals 4 500 þús. kr. — Lagt er til, að liðurinn til biskupsbústaðar lækki um 473 þús. kr. Er hér um að ræða leiðréttingu í sambandi við lánagreiðslur. — Framlag til útihúsa á prestssetrum er lagt til að hækki um 250 þús. kr. — Liðurinn Hið íslenska biblíufélag hækkar um 50 þús. kr. — Að lokum er lagt til, að inn verði teknir eftirfarandi nýir liðir: Til útgáfu rits presta í Hólastifti 25 þús. kr. — Til Kirkjuvogskirkju í Höfnum 150 þús. kr. — Til Saurbæjarkirkju á Hvalfjarðar-strönd 25 þús. kr. — Og að lokum til Kirkjukórasambands Íslands 25 þús. kr.

Um 1 07 Félagsmálaráðuneytið.

Lagt er til, að liðurinn 981 10 Alþýðusamband Íslands hækki um 100 þús. kr. Er upphæðinni ætlað að standa straum af kostnaði við rekstur Menningar- og fræðslusambands alþýðu. — Iðnnemasamband Íslands: Lagt er til, að fjárveiting hækki um 25 þús. kr. — Rauði kross Íslands: Lagt er til, að fjárveiting hækki um 200 þús. kr. Er upphæðinni ætlað að standa straum af auknum kostnaði Rauða krossins, m. a. vegna þátttökugjalda til erlendra félagssamtaka. — Til Slysavarna-félags Íslands er lagt til, að framlag hækki um 659 þús. kr. Er hér um að ræða 150 þús. kr. hækkun til að standa straum af kostnaði við tilkynningaskyldu íslenzkra fiskiskipa og 509 þús. kr. vegna breytinga á tekjuáætlun. — Orlofssjóður húsmæðra: Lagt er til, að liðurinn hækki um 250 þús. kr. — Lagt er til, að inn verði teknir eftirfarandi nýir liðir: Styrktarsjóður fatlaðra 500 þús. kr. byggingarstyrkur. — Blindrafélagið 200 þús. kr. byggingarstyrkur. — Foreldra- og styrktarfélag heyrnar-daufra 50 þús. kr.

Um 1 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Lagt er til, að gerðar verði nokkrar breytingar á fjárveitingum, til ríkisspítalanna. Kemur þar fyrst tillaga nefndarinnar um hækkun til skrifstofu ríkisspítalanna að upphæð 689 þús. kr. Er þar gert ráð fyrir ráðningu tveggja starfsmanna. — Til Rannsóknastofu háskólans hækkar launaliður um 814 þús. kr. — Blóðbankinn, launaliður hækkar um 269 þús. kr. — Til Landspítalans, laun hækka um 5 208 þús. kr. — Fæðingadeild Landspítalans, laun hækka um 200 þús. kr. — Kleppsspítalinn, laun hækka um 2 000 þús. kr. — Vífilsstaðahælið, laun hækka um 1 050 þús. kr. — Kristneshælið, fjárveiting hækkar um 1 062 þús. kr. — Kópavogshælið, laun hækka um 355 þús. kr.

Til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamíðstöðva og læknaþústaða: Lagt er til, að liðurinn hækki um 14 817 þús. kr. og verður þá samtals 74 200 þús. kr. Um skiptingu á fjárhæðinni milli einstakra framkvæmda vísast til sérstaks yfirlits á þingskjali 214. — Við liðinn 399, er lagt til, að komi nýr liður: Þing skurð-lækna á Norðurlöndum, að upphæð 150 þús. kr. — Þá er lagt til, að framlag til gæzlustarsjóðs hækki um 1 700 þús. kr. og verði samtals 10 millj. kr.

Um 1 09 Fjármálaráðuneytið.

Lagt er til, að launaliður Skattstofunnar í Reykjavík hækki um 972 þús. kr., launaliður Skattstofu Norðurlandsumdæmis eystra hækki um 324 þús. kr. og launaliður Skattstofu Reykjanesumdæmis um 324 þús. kr. — Þá er lagt til, að liðurinn

991 Ýmis lán ríkissjóðs 0 70 vextir hækki um 1 201 þús. kr. Og við liðinn lána-
hreyfingar út er tillaga um 1 488 þús. kr. hækkun.

Um 1 10 Samgönguráðuneytið.

Lagt er til, að liðurinn 211 Vegagerð 0 94 til einstaklinga, heimila og samtaka hækki um 75 þús. kr. — Þá er tillaga um, að liðurinn Hafnarmannvirki og lend-
ingarbætur hækki um 19 315 þús. kr. Um skiptingu á upphæðinni milli einstakra framkvæmda visast til þess, sem fram kemur á sérstöku yfirliti á þingskjali 214. — Þá er lagt til, að liðurinn Ferjubryggjur hækki um 1 731 þús. kr., og verður þá heildarupphæðin 3 281 þús. kr. Um skiptingu milli framkvæmda visast til þess, er fram kemur á sérstöku yfirliti á þingskjali 214. — Liðurinn 333 08 Sjóvarnargarðar er lagt til, að hækki um 765 þús. kr., og visast þá hvað snertir skiptingu milli ein-
stakra framkvæmda til þess, er fram kemur í þingskjali 214. — Við flugmálastjórn er lagt til, að fjárveiting hækki um 230 þús. kr., og þá gert ráð fyrir, að ráðinn verði einn fulltrúi við stofnunina. — Til Veðurstofu hækkar fjárveiting um 242 þús. kr. vegna ráðningar eins starfsmanns við jarðeðlisfræðideildina.

Um 1 11 Iðnaðarráðuneytið.

Lagt er til, að liðurinn önnur rekstrargjöld við Rannsóknastofnun bygginga-
iðnaðarins hækki um 160 þús. kr. — Fjárveiting til Heimilisiðnaðarfélags Íslands hækki um 75 þús. kr. — Varðandi liðina 105—110 um hækkun launa til ríkisspítal-
anna visast til þess, sem áður er getið.

Um 6. gr.

Nefndin leggur til, að inn verði teknir tveir liðir:

1. Heimilað verði að selja eftirtaldar fasteignir póst- og símamálastjórnar:
 1. Hús pósts og síma að Kaupvangi 2, Egilsstaðakauptúni, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.
 2. Hús pósts og síma að Egilsbraut 11, Neskaupstað, ásamt tilheyrandi lóðar-
réttindum.
 3. Eignarhluti pósts og síma í núverandi póst- og símastöðvarhúsi í Búðardal,
ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.
2. Heimilað verði að afhenda Styrktarfélaginu Tjaldanesi að gjöf gestaskálann,
sem nú stendur á baklóð ráðherrabústaðarins, sem brann í sumar.

Alþingi, 7. des. 1970.

Jón Árnason, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Sverrir Júlíusson.	Gunnar Gíslason.	